

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 179/2012

2012/EES/70/27

frá 28. september 2012

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2012 frá 13. júlí 2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1147/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 um að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningssflugi að því er varðar notkun öryggisskanna á flugvöllum í Evrópusambandinu <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/8042/ESB frá 14. nóvember 2011 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/ESB frá 13. apríl 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar notkun öryggisskanna á flugvöllum í Evrópusambandinu.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66he (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010):  
„– **32011 R 1147**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1147/2011 frá 11. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 294, 12.11.2011, bls. 7).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66hf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C (2010) 774 lokaútgáfa):  
„– **32011 D 8042**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/8042/ESB frá 14. nóvember 2011 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/ESB frá 13. apríl 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar notkun öryggisskanna á flugvöllum í Evrópusambandinu.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1147/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 16, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 63, 8.11.2012, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 294, 12.11.2011, bls. 7.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Atle Leikvoll***

formaður.